

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Ársskýrsla 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir ár hvert styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá. Hælisleitendur eru þó undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Styrkir til íslenskukennslu eru veittir til viðurkenndra framhaldsfræðsluaðila er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi, sem og fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku. Fyrirtæki eða stofnanir sem eru á fyrirtækjaskrá og ekki eru viðurkenndir framhaldsfræðsluaðilar þurfa að hafa samning við slíkan aðila sem annast kennsluna.

Starfsemi

Á árinu fóru fram tveir umsóknarfrestir þar sem ráðuneytið ákvað að halda viðbótarúthlutun með haustinu. Fyrri úthlutunin var með venjubundnu sniði þar sem umsóknarfresti lauk í desember árinu á undan og tímabil framkvæmdar var 2021. Viðbótarúthlutunin sem fór fram síðari hluta ársins var ætlað að koma til móts við umfram eftirspurn sem hafði verið að byggjast upp undanfarin tvö ár.

Fyrri úthlutun

Umsóknarfrestur til styrkja var 3. desember 2020. Alls bárust 23 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald en af þeim voru 17 sem stóðust umsóknarskilyrði sjóðsins. Þessir 17 aðilar sóttu samtals um að halda 909 námskeið fyrir alls 11.187 nemendur. Heildarfjárbeiðnir námu alls 414,2 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals 144,9 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu.

Niðurstaðan varð sú að 17 stofnanir fengu úthlutun til halda samtals 450 námskeið fyrir alls 5.131 nemendur á árinu 2020. Í lok árs náðu 16 þessara stofnana að uppfylla kröfur um tilskilinn nemenda- og námskeiðafjölda á árinu og fengu því úthlutaðan hámarksstyrk. Ein þeirra þurfti að þola hlutfallslega skerðingu á úthlutun.

Nánari útlitun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflu, aftast í þessu skjali.

Viðbótarúthlutun

Um haustið ákvað ráðuneytið að bæta við úthlutun til að styrkja enn frekar námskeiðahald í íslensku fyrir útlendinga. Styrktímabilið yrði frá haustinu 2021 til byrjun sumars 2022, eða í eitt skólaár.

Umsóknarfrestur til styrkja var 18. nóvember 2021. Alls bárust 19 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald en af þeim voru 18 sem stóðust umsóknarskilyrði sjóðsins. Þessir 18 aðilar sóttu samtals um að halda 600 námskeið fyrir alls 7.125 nemendur. Heildarfjárbeiðnir námu alls 345,8 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals 131,8 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu.

Niðurstaðan varð sú að 18 stofnanir fengu úthlutun til halda samtals 416 námskeið fyrir alls 5.000 nemendur á tímabilinu

Nánari útlistun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflu, aftast í þessu skjali. Lokauppgjör hefur þó ekki enn farið fram.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda og greiðslur styrkja.

Úthlutun fyrir árið 2021						
Nafn stofnunar	Fjöldi námsk.	Fjöldi nem.	Úthlutun kr.	Lokagreiðsla kr.	Frávik %	
Austurbrú	14	140	4.000.000	4.000.000	-	
Betri árangur	12	156	4.000.000	4.000.000	-	
Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	6	60	2.100.000	2.100.000	-	
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	17	170	4.500.000	4.500.000	-	
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	28	280	8.000.000	8.000.000	-	
MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	37	444	12.300.000	12.300.000	-	
Mímir-símenntun	115	1265	36.300.000	36.300.000	-	
Múltikúlti-íslenska	33	363	10.300.000	10.300.000	-	
Pareto	10	120	3.000.000	1.200.000	60	
Retor sf. Fræðsla	89	1068	29.300.000	29.300.000	-	
Reykjavíkurborg	4	80	3.400.000	3.400.000	-	
Saga-Akademía	20	240	6.700.000	6.700.000	-	
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	4	45	1.200.000	1.200.000	-	
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	15	180	5.000.000	5.000.000	-	
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	10	120	3.000.000	3.000.000	-	
Tungumálaskólinn ehf.	24	280	7.800.000	7.800.000	-	
Þekkingarnet Þingeyinga	12	120	4.000.000	4.000.000	-	
			144.900.000	143.100.000		

Aukaúthlutun fyrir haustið 2021 til vorsins 2022					
Nafn stofnunar	Fjöldi námsk.	Fjöldi nem.	Úthlutun kr.	Lokagreiðsla	Frávik %
Austurbrú	4	45	1.500.000		-
Betri árangur	1	13	345.000		-
Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	4	40	1.400.000		-
Fisktækniskóli Íslands	2	35	825.000		
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	2	20	700.000		-
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	5	60	2.100.000		-
Hafnarfjarðarkaupstaður	6	84	2.160.000		
Landbúnaðarháskóli Íslands	1	9	350.000		
MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	20	200	6.000.000		-
Mímir-símenntun	156	1872	45.045.000		-
Múltikúlti-íslenska	56	560	16.000.000		-
Retor sf. Fræðsla	30	390	10.350.000		-
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	10	216	3.490.000		-
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	8	120	3.500.000		-
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	3	36	1.200.000		
Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	12	140	5.000.000		
Tungumálaskólinn ehf.	90	1100	29.584.375		-
Þekkingarnet Þingeyinga	6	60	2.200.000		-
			131.749.375		

Reykjavík 2. febrúar 2022

Skúli Leifsson, Rannís